


Ídag-íkvöld

Ásgerður sýnir mynd- vefnað í Listaskála ASÍ

„Það má segja, að tilefnið sé salurinn hér, en ég fór að velta því fyrir mér að halda hér textilsýningu, um leið og hann varð til. Hann er hæfilega stór, en það tekur langan tíma að vefa upp í sýningu, vinnubrögðin eru það seinvirk“, sagði Ásgerður Búa-dóttir, myndlistarmaður, í spjalli við blaðamann Vísis í tilefni af því að Listasafn alþýðu heldur um þessar mundir yfirlitssýningu á verkum hennar í húsaáskynnum sínum að Grensásvegi 16 í Reykjavík.

Ásgerður sagði jafnframt, að þarna gæfist færi á að sjá nokkur þau verka sinna, er síðan færu úr landi og yrðu á ferðalagi víða um Bandaríkin á farandsýningu þar er nefnist „Scandinavia today“, en sú sýning mun taka um tvö ár.

Að öðru leyti er eiginlega óþarfi



38

„Heimkynni í sjó“ heitir þessi mynd Ásgerðar en í hana notar Ásgerður ull og skel



Ásgerður stendur hér við eitt verka sinna, „Sjö lífsfletir“ en það er ofið með vinkonur hennar sjö í listinni í huga. Ef myndin prentast vel, sést greinilega steinninn neðst á borðanum sem gengur niður verkinu, „kannski tákn þess sameiginlega kjarna sem þessar listakonur áttu“. segir Ásgerður

Félagsstarf Ferða- félags Íslands

Myndakvöld og kvöldvökur hafa undanfarin ár verið stór þáttur í vetrarstarfi Ferðafélags Íslands. Miðvikudaginn 14. okt. n.k. verður fyrsta myndakvöld vetrarins að Hótel Heklu. Raðar-árstíð 18, en þar verður þessi starfsemi til húsa í vetur.

Ferðafélag Akureyrar sér um fyrsta myndakvöldið, en síðan verða slík kvöld haldin annan miðvikudag hvers mánaðar til maí að vori.

Þrjár kvöldvökur verða haldnar í vetur, sú fyrsta 25. nóv., en þá

verður tekið fyrir efni um byggð í Víðidal í Stafafellsfjöllum.

A myndakvöldum sýna félagsmenn myndir frá ferðum um landið og er þeim valið frjálst en á kvöldvökum er tekið fyrir eitt ákveðið efni, sem tengist sögu, náttúru eða jarðfræði Íslands.

Allir eru velkomnir á þessi kvöld og er enginn aðgangseyrir, en veitingar eru seldar í hléi á vegum hússins.

Samkomur þessar verða auglýstar í dagblöðum með hæfilegum fyrirvara.

að kynna Ásgerði. Hún hefur lengi verið í fremstu röð myndlistarmanna íslenskra, og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir myndverk sín og ómælt lof, bæði heima og erlendis.

Hún hóf nám í Myndlista- og handfaskólanum árið 1942 og að því loknu, 1946 heldur hún til Danmerkur til frekara náms. Það er þó ekki fyrr en í byrjun sjötta áratugarins sem hún byrjar að vefa, og fyrsta sýningin, sem hún

tekur þátt í er 8. Alþjóðlega listiðnaðarsýningin í München, en heimleibis hélt hún með gullverðlaun sýningarinnar.

Ásgerður hefur tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis, og einkasýningararnar eru einnig óvenju margar, þegar tekið er mið af því, að vefurinn er seinunninn, eins og Ásgerður segir í upphafi. Hún hefur einnig hlotið einróma lof fyrir myndvefi sína, og einkum hefur það hlotið

vakið óskipta athygli gagnrýnenda, að Ásgerður vinnur í íslenska ull og hrosshár, en með þessum efnum nær hún þrívíddaráhrifum fram í verkum sínum, sem hafa markað henni allsérstæðan sess meðal textilhönnuða.

Sýning Ásgerðar Búa-dóttur í Listasafni alþýðu verður opin daglega frá kl. 14.00-22.00, en sýningunni lýkur um mánaðarmótin næstu.

— jsj



Hjónin Jónatan og Jennifer Hart fást við ýmislegt annað en að leysa sakamála.

Nýr glæpamyndaflokkur kl. 21.00:

Hart móti hörðu

Í kvöld kl.21 hefst nýr bandarískur sakamálamyndaflokkur sem nefnist „Hart á móti hörðu“. Aðalpersónur eru hjónin Jennifer og Jónatan Hart. Þau hafa sér það að dægrastyttingu að leysa sakamála.

Að þessu sinni er vettvangur atburðanna heilsuhælið Golden Goose. Sam nokkur Roberts hefur dvalist á hælunum án þess að segja aðstandendum sínum frá því. Eitt sinn yfirgefur hann hælunum í annarlegu ástandi og bíður bana í bilsýsi. Eiginkona Sams er góður vinur Jónatans Harts og fær hann


til að rannsaka málið. Eiginkona hans Jennifer leggur honum líð. Ekki er allt með felldu í heilsuræktinni.

Í myndinni koma fyrir nokkur morð, konu er byrjað eitru og önnur dáleidd, nokkrir verða fyrir fjárhágöngu og ýmis önnur skemmtan kemur við sögu.

Þjóðskör- ungurinn John F. Kennedy

Fjallað verður um John F. Kennedy í þættinum Þjóðskörungur 20. aldar í kvöld kl.20.35. John fæddist 1917 og var sonur Rose og Josephs Kennedy. Faðir hans var miljonamæringur og sendiherra Bandaríkjanna í Bretlandi á stríðsárunum. Þrír sona hans urðu ekki langlífir, Joseph féll í heimsstyrjöldinni, John forseti féll fyrir morðingjahendi og Robert forsetaframbjóðandi sönuleibis. Fjórði bróðirinn Edward senator hefur ekki þótt gæfumaður.

John F. Kennedy var forseti þegar kalda stríðið stóð sem hæst og Kúbudeilan ógnaði heimsfriðinum. Hann naut mikilla vinsælda svo og kona hans Jacqueline. Kennedy féll fyrir Lee Harvey Oswald í Dallas 1963.



Kennedy á yngri árum ásamt konu sinni.

Útvarp

Þriðjudagur
13. október

12.00 Fréttir. 12.45 Veðurfregnir. Tilkygningar. Þriðjudagssýrpa — Páll Þorsteinsson og Þorgeir Ástvaldsson.
15.10 „Örninn er sestur“ eftir Jack Higgins Ólafur Ólafsson þýddi. Jónína H. Jónsdóttir les (2).
15.40 Tilkygningar. Tónleikar.
16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Veðurfregnir.
16.20 SÍÐegistónleikar Wilhelm Kempff leikur Píano-sónötu í g-moll op. 22 eftir Robert Schumann.
17.20 Litli barnatíminn Stjórnandi: Finnberg Scheving. Efni m.a.: Sigurjóna Scheving les ævintýrið „Naglasúpuna“ í þýðingu Þorsteins frá Hamri.
17.40 A ferð Óli H. Þórðarson spjallar við vegfarendur.
17.45 Tónleikar. Tilkygningar.
18.45 Tónleikar. Tilkygningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 Fréttir. Tilkygningar.
19.35 A vettvangi Stjórnandi þáttarins: Sigmar B. Hauksson. Samstarfsmaður: Arnþórur Karlisdóttir.
20.00 Afangar Umsjónarmenn: Ásmundur Jónsson og Guðni Rúnar Agnarsson.
20.30 „Man ég það sem löngu leið“ (Endurtekinn þáttur frá morgninum).
21.00 Frá tónlistarhátíðinni í Bergen s.l. vor Norski strengjakvartettinn leikur Strengjakvartett nr. 1 eftir Sverre Bergh.
21.30 Útvarpssagan: „Glýja“ eftir Þorvald Helgason Höfundur les (5).
22.00 Kór og hljómsveit Peter

Knights flytja létt lög.

22.15 Veðurfregnir. Fréttir. Dagskrá. 22.35 Orð kvöldsins. Fyrir austan fjall Umsjón: Gunnar Kristjánsson kennari á Selfossi.
23.00 A hljóðbergi. Umsjónarmaður: Björn Th. Björnsson listfræðingur. Orðastarbréfum Heloise og Abelard. Claire Bloom og Claude Rains flytja.
23.45 Fréttir. Dagskrárlok.

Sjónvarp

Þriðjudagur
13. október

19.45 Fréttagrip á táknmáli
20.00 Fréttir og veður
20.25 Auglýsingar og dagskrá
20.30 Pétur Tékkneskur teiknimyndaflokkur. Tíundi þáttur.
20.35 Þjóðskörungur 20stu aldar John F. Kennedy (1917-1963) í lífanda lífi var Kennedy, fyrrum forseti Bandaríkjanna vinsæll, en eftir morðið á honum varð hann að góðsögn. Þýðandi og þulur: Guðni Kolbeinsson.
21.00 Hart á móti hörðu NYR FLOKKUR
Bandarískur sakamálamyndaflokkur um hjónin Jonathan og Jennifer Hart, sem lenda í ýmsum ævintýrum. Hart hjónin eru í göðum efnum og hafa því nægan tíma til að leysa sakamála, sem á vegi þeirra verða. Hart hjónin leika Robert Wagner og Stefanie Powers, en Lionel Stander leikur einkabílstjórann. Þessi fyrsti þáttur af sjó er einn og hálfur klukkustundur langur, en hinir verða um 50 mínútur að lengd. Þýðandi: Bogi Arnar Finnogason.
22.30 Dagskrárlok